



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið

b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 13. febrúar 2023

### **Mygla í grunnskólum og skyldur skólayfirvalda**

Á síðustu misserum hefur umboðsmanni barna borist fjöldi ábendinga og fyrirspurna frá foreldrum og börnum vegna myglu- og rakaskemmda í grunnskólum. Hafa grunnskólanemendur og foreldrar þeirra lýst yfir ónægju með aðgerðir skólayfirvalda og þá sérstaklega hvað varðar miðlun upplýsinga um stöðu mála, framgang framkvæmda við húsnæði skóla og ýmsar ráðstafanir eins og t.d. tilfærslu á starfsemi skóla í önnur hverfi. Í einhverjum tilvikum er uppi ágreiningur um hvað teljast vera fullnægjandi viðgerðir eða þrif á húsnæði skóla eða húsbúnaði í kjölfar þess að mygla greinist. Foreldrar hafa ítrekað gert athugasemdir við að í slíkum málum sé ekki hugað nægilega vel að réttindum barna til upplýsinga og þátttöku í ákvarðanatöku í málum sem sannarlega varða réttindi þeirra og hagsmuni. Þá virðist ríkja óvissa um það hverjar skyldur skólayfirvalda eru gagnvart einstökum börnum sem hafa orðið fyrir heilsufarslegum áhrifum af völdum myglu í skólum.

Samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga, nr. 91/2008, er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð sveitarfélaga, en í 13. gr. laganna segir að grunnskóli sé vinnustaður nemenda og að þeir eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Þá kemur fram í 20. gr. laganna að húsnæði grunnskóla á að uppfylla kröfur grunnskólalaga, laga um vinnuvernd og aðalnámsskrá grunnskóla og þá skal húsnæði og allur aðbúnaður taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Ljóst er að vandinn er bæði umfangsmikill og flókinn og að skólayfirvöld víða um land standa frammi fyrir miklum áskorunum. Einnig er ljóst að myglu- og rakaskemmdir í húsnæði grunnskóla hafa raskað skólastarfi hjá fjölmörgum grunnskólanemendum og valdið mörgum þeirra óþægindum og veikindum og við því þarf að bregðast. Að mati umboðsmanns barna er því fullt tilefni til þess að mennta- og barnamálaráðuneytið, með hliðsjón af hlutverki ráðuneytisins sem æðsta stjórnvald á sviði menntamála, setji fram leiðbeiningar um það til hvaða aðgerða skólastjórnendur eigi að grípa, ef upp koma vandamál tengd myglu- og rakaskemmdum, til þess að tryggja rétt barna til heilsu og menntunar sem og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um málefni sem varða mikilvæga hagsmuni þeirra og réttindi.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna